

Minningar um Jón Baldvin Hannibalsson og hlutverk hans í Mikson-málinu, þegar öndvegismennirnir Jón Baldvin og Þorsteinn Pálsson léku sér *Morgunblaðið* 27.3.1992, bls. 24.

Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra:

# Fingurbrjótur í dómsmálaráðuneytinu að hafa ekki samráð

Guðmundur sérfróðastur um þessi málefni,  
segir dómsmálaráðherra

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ hefur tilkynnt dómsmálaráðuneytinu að Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur geti ekki kannað mál Eðvalds Hinrikssonar vegna anna. Guðmundur og Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður voru sl. mánudag fengnir til þess að veita stjórnvöldum ráðgjöf vegna bréfs Wiesenthal-stofnunarinnar í Jerúsalem, þar sem Eðvald er borinn þungum sökum. Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að þeim í dómsmálaráðuneytinu hefði orðið á „sá fingurbrjótur að hafa ekki um þetta samráð fyrirfram“.

„Mér þykir þetta mjög leiðinlegt, því Guðmundur er sérfróðastur allra um þessi efni og þetta er því mikill skaði fyrir þetta vandasama verk," sagði Þorsteinn Pálsson í samtali við Morgunblaðið í gær. Þorsteinn kvaðst nú munu reyna að finna annan mann til verksins með Eiríki Tómassyni. Hann kvaðst sérstaklega hafa gert ráð fyrir því að Guðmundur þyrfti ekki að koma að verkinu, fyrr en hann hefði lokið undirbúningsstörfum sínum vegna umhverfisráðstefnunnar í Rio í sumar, en Guðmundur er formaður íslensku undirbúningsnefndarinnar.

„Ég setti þeim ekki afmörkuð tímamörk til þess að skila niðurstöðu, því ég lagði svo mikla áherslu á að fá þá tvo menn til þessa verks sem ég treysti best," sagði dómsmálaráðherra. „Þeim varð á sá fingurbrjótur í dómsmálaráðuneytinu að hafa ekki um þetta samráð fyrirfram," sagði Jón Baldvin, „en það vill svo til að umræddur starfsmaður utanríkisráðuneytisins er upp fyrir haus í verkefnum, einmitt á þeim tíma sem þessu verkefni þyrfti að sinna, þar sem hann er formaður undirbúningsnefndar hinnar miklu umhverfisráðstefnu í Rio og verður mestan part erlendis við. Þau verkefni á þessu tímabili." Utanríkisráðherra var spurður hvort þessi ákvörðun hans og það sem hann nefndi fingurbrjót dómsmálaráðuneytisins væri vísbending um stirðleika í samskiptum dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra: „Fingurbrjótur er athugunarleysi - þarf ekki að vera ásetningssynd. Hann er þess vegna ekki vísbending um neitt annað en klaufsku," sagði Jón Baldvin Hannibalsson.